



278. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, þriðjudaginn 3. júlí 2019 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Dominiqua Alma Belányi, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Lilja Sigurðardóttir, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll: Ása Ólafsdóttir, Garðar Svansson, Knútur G. Hauksson, Olga Bjarnadóttir, og Úlfur H. Hróbjartsson.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Forseti greindi frá opnun nýrra höfuðstöðva IOC í Lausanne, í tilefni af 125 ára afmæli IOC.

Opnunin var í tengslum við 134. IOC Session þar sem meðal annars var greint frá því að Vetrarólympíuleikarnir árið 2026 verða haldnir í Milan-Cortina. Forseti og framkvæmdastjóri voru viðstödd opnunina en EOC bauð upp á beint leiguflug fyrir þá forseta Ólympíunefnda sem staddir voru á Evrópuleikunum í Minsk yfir til Lausanne. Framkvæmdastjóra var einnig boðið þar sem hún á sæti í framkvæmdastjórn EOC.

Framkvæmdastjóri fór yfir þátttökuna í Evrópuleikunum í Minsk. Leikarnir tókust vel og aðstaða var til fyrirmyndar. Næstu leikar verða í Póllandi árið 2023.

Þórey Edda Elísdóttir formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir það helsta úr starfi sviðsins.

EYOF 2019

Lögð fram tillaga Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí um þátttakendur í Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fer í Baku dagana 22.-28. júlí nk.

Samþykkt að eftirtaldir taki þátt í leikunum fyrir Íslands hönd:

Fimleikar:

Guðrún Edda Min Harðardóttir Keppandi – fjölþraut, liðakeppni

Hildur Maja Guðmundsdóttir Keppandi – fjölþraut, liðakeppni

Laufey Birna Jóhannsdóttir Keppandi – fjölþraut, liðakeppni

Ágúst Ingi Davíðsson Keppandi – fjölþraut, liðakeppni

Jónas Ingi Þórisson Keppandi – fjölþraut, liðakeppni

Dagur Kári Ólafsson Keppandi – fjölþraut, liðakeppni

Sesselja Hannele Jarvela Þjálfari/flokksstjóri stúlkna

Viktor Kristmannsson Þjálfari/flokksstjóri drengja

Frjálsíþróttir:

Birna Kristín Kristjánsdóttir, keppandi - langstökk

Elísabet Rut Rúnarsdóttir, keppandi - sleggjukast

Eva María Baldursdóttir, keppandi - hástökk

Dagur Fannar Einarsson, keppandi – langstökk

Kristján Viggó Sigfinnsson, keppandi – hástökk

Óliver Máni Samúelsson, keppandi – 100m hlaup

Geirlaug B. Geirlaugsdóttir, flokksstjóri/þjálfari

Bergur Ingi Pétursson, þjálfari

Hjólreiðar:

Bergdís Eva Sveinsdóttir Keppandi – hópstart, tímataka

Matthías Schou Matthíasson Keppandi – hópstart, tímataka

Natalía Erla Cassata Keppandi – hópstart, tímataka

Mikael Schou Flokksstjóri/þjálfari
Erla Björk Sveinbjörnsdóttir Liðsstjóri

Sund:

Kristín Helga Hákonardóttir Keppandi – 200 og 400m skriðsund

Thelma Lind Einaradóttir Keppandi – 400 og 800m skriðsund

Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir Flokksstjóri/þjálfari

Handknattleikur: (16 manna hópur, HSÍ á eftir að tilkynna hver dettur út, en 15 leikmenn fara).

Andri Már Rúnarsson Keppandi

Arnór Ísak Haddsson Keppandi

Arnór Viðarsson Keppandi

Benedikt Gunnar Óskarsson Keppandi

Brynjar Vignir Sigurjónsson Keppandi

Guðmundur Bragi Ástþórsson Keppandi

Ísak Gústafsson Keppandi

Jakob Aronsson Keppandi

Jóhannes Berg Andrason Keppandi

Kristján Pétur Barðason Keppandi

Kristófer Máni Jónasson Keppandi

Magnús Gunnar Karlsson Keppandi

Reynir Freyr Sveinsson Keppandi

Símon Michael Guðjónsson Keppandi

Tryggvi Garðar Jónsson Keppandi

Tryggvi Þórisson Keppandi

Andri Sigfússon Flokksstjóri

Guðmundur Helgi Pálsson Þjálfari

Maksim Akbachev Aðstoðarþjálfari

Hilmar Þór Arnarson Osteopati

Dómarar:

Sæunn Viggósdóttir, Fimleikar

Árni Snær Magnússon, Handknattleikur

Þorvar Bjarmi Harðarson, Handknattleikur

Í fararstjórn á vegum ÍSÍ:

Örvar Ólafsson, aðalfararstjóri

Brynja Guðjónsdóttir, aðstoðarfararstjóri

Svandís Ösp Long, sjúkraþjálfari

Kristín Valdís Örnólfsdóttir, ungur sendiherra (Young Ambassador)

Að auki verður Þórey Edda Elísdóttir við setningu hátíðarinnar og á fyrstu keppnisdögum hennar, fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ sækir leikana sem stjórnarmeðlimur EOC og sem meðlimur í EYOF Co-Commission.

Heimsstrandarleikar ANOC

Einn íslenskur íþróttamaður hefur hlotið keppnisrétt, það er Guðlaug Edda Hannesdóttir í tvíþraut. Fararstjórafundur verður haldinn í Doha 8.-11. júlí nk.og mun sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ sækja fundinn.

Smáþjóðaleikar 2019

Leikarnir tókust ágætlega. Ísland varð í 3. sæti yfir heildarverðlaun á leikunum. Árangur íslensku keppendanna var í heildina ágætur. Mikil ánægja var með beint leiguflug Ícelandair til Svartfjallalands sem létti mikið á álagi vegna ferðalagsins á leikana.

Forseti skýrði frá aðalfundi GSSE sem haldinn var í tengslum við leikana. Á fundinum kom m.a. fram að Færeyingar og fulltrúar frá Vatikaninu myndu fylgjast með framkvæmd leikanna. Ósk kom frá Vatikaninu um að fá að taka þátt í frjálsíþróttakeppni leikanna en því var hafnað. Andri Stefánsson var í framboði til stöðu framkvæmdastjóra GSSE ásamt Marc Theisen frá Lúxemborg sem var kosinn í stöðuna. Jean-Pierre Schoebel var endurkjörinn sem forseti Tækninefndar GSSE.

Almennar umræður urðu um Smáþjóðaleikana og þátttöku í þeim.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni sviðsins. Metþátttaka var í Hjólað í vinnuna þetta árið. Um 50% aukning varð á fjölda þátttakenda og einnig fjölgaði vinnustöðum sem tóku þátt í verkefninu.

Kvennahlaupið, sem nú var haldið í 30. sinn, tókst einnig vel og var mikil fjölgun þátttakenda frá því í fyrra. Fundarmenn voru sammála um að vel heppnuð markaðsherferð í tengslum við afmæli Kvennahlaupsins og sýning heimildarmyndar um hlaupið hafi stutt vel við verkefnið og endurvakið áhuga á hlaupinu.

Í kjölfar umræðu á samfélagsmiðlum um framleiðanda Kvennahlaupsbolanna var birt yfirlýsing frá ÍSÍ á heimasíðu sambandsins vegna málsins.

Almenningsíþróttasvið áætlar að fara yfir stefnur og markmið sviðsins í haust.

Samþykkt að fagráð sviðsins og starfsmenn sækja norrænan fund um fyrirtækjaíþróttir sem haldinn verður í Danmörku í ágúst.

Viðar Garðarsson, formaður fagráðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ, skýrði frá því að nýtt fagráð hafi komið saman einu sinni frá skipan ráðsins og kynnt sér helstu verkefni sem framundan eru. Það styttist í útgáfu nýrrar þjálfraðibókar sem Iðnú mun gefa út í samstarfi við ÍSÍ og unnið er að undirbúningi ýmissa ráðstefna og hádegisfunda á haustmánuðum.

3. Skipan í vinnuhópa

Vinnuhópur um þjóðarleikvanga:

Örn Andrésson, ÍSÍ - formaður

Sigríður Jónsdóttir, ÍSÍ - varaformaður

Freyr Ólafsson, FRÍ

Ingvar Sverrisson, ÍBR

Ómar Einarsson, SSH

Óskar Þór Ármannsson, mennta- og menningarmálaráðuneyti

Starfsmaður: Andri Stefánsson

Vinnuhópur um rafleiki:

Viðar Garðarsson, ÍSÍ - formaður

Þráinn Hafsteinsson, ÍSÍ - varaformaður

Tryggvi M. Þórðarson, AKÍS

Ómar Smáráson, KSÍ

Vilhelm Bernhöft, ÍBR

Starfsmaður: Þórarinn Alvar Þórarinsson

Vinnuhópur um skiptingu tekna:

Lárus L. Blöndal, ÍSÍ - formaður

Gunnar Bragason, ÍSÍ - varaformaður

Hörður Oddfríðarson; SSÍ

Elísabet Ólafsdóttir, ÍBH

Guðmundur Sigurbergsson, UMFÍ

Starfsmaður: Líney Rut Halldórsdóttir/Steinunn Anna Í. Tómasdóttir

Vinnuhópur um gístiaðstöðu íþróttafólks af landsbyggðinni:

Gunnar Bragason, ÍSÍ - formaður
Olga Bjarnadóttir, ÍSÍ - varaformaður
Birna Lárusdóttir, KKÍ/HSV
Kristján Danielsson, BSÍ
Auður Vala Gunnarsdóttir, UÍA
Reimar Helgason, ÍBA
UMFÍ

Starfsmaður: Viðar Sigurjónsson

Vinnuhópur um rekstur íþróttafélaga:

Knútur G. Hauksson, ÍSÍ- formaður
Jóhann Ingimundarson, varaformaður
Ásgeir Ásgeirsson KSÍ
Lárus Blöndal, KKÍ
Lilja Lárusdóttir, HSÍ
Hrafnhildur Theódórsdóttir, BLÍ
Lúðvík Þorgeirsson, ÍBR
Eysteinn Pétur Lárusson, UMSK
Sævar Pétursson, ÍBA

Starfsmaður: Viðar Sigurjónsson

Vinnuhópur um stafræn upplýsingakerfi:

Stefán Jóhannsson, formaður
Björn Brynjar Jónsson
1 fulltrúi (kona)

Starfsmaður: Halla Kjartansdóttir

Vinnuhópur um áframhaldandi endurskoðun siðareglna og hegðunarviðmiða ÍSÍ:

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir
Ása Ólafsdóttir
Siðfræðingur (skipaður síðar)

Starfsmaður: Ragnhildur Skúladóttir

4. Skipan Kvennahlaupsnefndar ÍSÍ

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, formaður
Þráinn Hafsteinsson
Gígja Gunnarsdóttir
Anna R. Möller

Starfsmaður: Hrönn Guðmundsdóttir

5. Erindi frá SKÍ

Tekið fyrir bréf frá Skíðasambandi Íslands þar sem óskað er eftir staðfestingu frá ÍSÍ um að SKÍ verði sérsamband fyrir skíðaskotfimi og hafi þar með heimild til að sækja um aðild fyrir hönd Íslands að Alþjóðaskíðaskotfimisambandinu (IBU). Vísað til framkvæmdastjóra og Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ að afla viðbótarupplýsinga frá Skotíþróttasambandi Íslands um málið, áður ákvörðun verður tekin í málinu. Niðurstaða verður fengin með útsendingu tölvupósts til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um leið og allar upplýsingar liggja fyrir í málinu.

6. Rafleikir

Viðar Garðarsson og Lilja Sigurðardóttir lögðu fram skýrslu og skýrðu munnlega frá ferð sem þau fóru í á vegum UMFÍ til Danmerkur til að kynna sér stöðu rafleikja innan dönsku íþrótt- og æskulýðshreyfingarinnar.

Talsverðar umræður urðu um rafleiki og hugsanlega aðkomu íþróttahreyfingarinnar að uppbyggingu þeirra.

7. Lög um kynrænt sjálfræði

Alþingi samþykkti nýlega lög um kynrænt sjálfræði. Þróunar- og fræðsluviði ÍSÍ falið að skoða hvaða áhrif lögin hafa á starf íþróttahreyfingarinnar. Sviðið sér einnig um að vinna stefnu og reglur ÍSÍ um þátttöku transfólks í íþróttum, í samræmi við samþykkt 74. Íþróttabings ÍSÍ þar að lútandi.

8. Starfsskýrslur – keppnisbönn

Skrifstofustjóri skýrði stöðu starfsskýrsluskila en 94,5% skil eru til þessa. Nokkur félög eru í keppnisbanni vegna vanskila en skrifstofa starfar náið með íþróttahéruðum viðkomandi félaga við innheimtu skýrslanna.

9. Heiðranir

Eftirtaldar heiðranir voru samþykktar með rafrænum hætti:

Þórarinn Hannesson, UÍF – Silfurmerki ÍSÍ. Viðar Sigurjónsson afhenti viðurkenninguna á ársþingi UÍF í maí.

Bjarni Friðriksson, JSÍ – Gullmerki ÍSÍ

Jón Hlíðar Guðjónsson, JSÍ – Gullmerki ÍSÍ

Þráinn Hafsteinnsson afhenti viðurkenningarnar á ársþingi JSÍ 25. maí sl.

Hörður Oddfríðarson, SSÍ – Gullmerki ÍSÍ. Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ afhenti viðurkenninguna á ársþingi SSÍ 15. júní sl.

10. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir og skýrslur lagðar fram og staðfestar:

- 277. fundur framkvæmdastjórnar
- 8. og 9. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 180. Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 13. júní 2019
- 105. fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ frá 19. júní 2019
- Skýrsla frá undirbúningsfundi fyrir Nordic Meeting 2019
- Skýrsla frá ferð með UMFÍ til Danmerkur

11. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur er áætlaður eftir miðjan ágúst.

13. Önnur mál

Boccafélag Akureyrar

Forseti skýrði stöðu mála varðandi Boccafélag Akureyrar.

Fjármálaupplýsingar

Gjaldkeri upplýsti um stöðu reksturs ÍSÍ eftir 5 mánaða uppgjör. Reksturinn er í jafnvægi.

Fleira ekki gert og fundið slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari